

Tillaga varðandi félagsskipti og leikmanna samninga í úrvalsdeild.

Þegar að félag sendir til leiks lið í úrvalsdeild þá verður viðkomandi félag að senda inn til Blaksambandsins afrit af leikmanna samningum fyrir alla leikmenn tilheyrandi liðs.

Þessir samningar verða að vera undirritaðir af félagi og leikmanni og þessir leikmanna samningarnir verða að vera löglegir.

Leikmanni er ekki heimilt að spila með sínu félagi nema að það sé búið að senda inn afrit af undirrituðum leikmanna samningi, undirrituðum af bæði félagi og leikmanni til Blaksambandsins og fá staðfestingu fyrir þeim skilum.. Leikmaður telst ólöglegur ef hann spilar án þess að það sé búið að skila inn tilheyrandi samningi. Viðurlögin við því eru þau sömu og eru í gildi í dag um ólöglega leikmenn.

Félagsskiptagluggi Blaksambandsins mun haldast óbreyttur og leikmaður mun þurfa að skila inn félagsskipta blaði eins og hefur verið gert undanfarin ár, en því til viðbótar þarf leikmaður einnig að skila inn til Blaksambandsins leikmanna samningi sem hann gerir við það félag sem hann skiptir í. Þegar bæði félagsskiptablaðið og afrit af leikmannasamningi hafa skilað sér til Blaksambandsins þá telst viðkomandi leikmaður löglegur með nýju liði.

Ef að félag er að sækja leikmenn í sín neðrideildarlið, eða yngri leikmenn í yngriflokka félagsins, þá þarf félagið að gera við viðkomandi leikmann leikmanna samning svo hann sé löglegur með sínu liði í úrvalsdeild. Leikmaður er ekki löglegur nema afriti af slíkum samningi, undirrituðum af bæði leikmanni og félagi sé skilað inn til Blaksambandsins.

Það sem bætist við er að leikmenn geti hvenær sem er yfir veturinn haft svokölluð lánskipti yfir í nýtt félag. Til að vera löglegur sem lánsmaður þarf viðkomandi leikmaður að skila inn til Blaksambandsins afriti af lánsamningi sem leikmaður gerir við sitt núverandi lið og lið sem hann skiptir í. Lánsamningur þarf að vera undirritaður af leikmanni, félagi sem leikmaður tilheyrir og félagi sem leikmaður fer að láni til. Einnig þarf að skila inn hefðbundi félagsskipta blaði til Blaksambandsins og greiða 5000kr. Félögin geta samið um sína á milli hvort leikmaður sé lánaður út tímabil eða í einhvern ákveðin tíma og einnig geta þau samið um hvort hægt sé að kalla viðkomandi leikmann til baka hvenær sem er. Þessir hlutir þurfa hinsvegar að koma fram á viðkomandi lánsamningi sem skilað er til Blaksambandsins.

Ef lánsmaður skiptir svo aftur í sitt félag þá þarf að skila inn félagsskiptablaði til Blaksambandsins undirrituðu af báðum félögum. Ekki þarf að greiða aðrar 5000kr.

Ólafur Jóhann Júlíusson
Þjálfari Þróttar Reykjavík.